

**Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, þriðjudaginn 5. september 2017 kl. 16:00**

**Mættar: Marianna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Kristjana Björnsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.**

### **1. Fjárhagsáætlun**

Elsa lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og fór yfir hana. Áætlaðar rekstrartekjur fyrir 2018 eru kr. 27.350.000, þar af eru framlög frá sveitarfélögunum kr. 25.300.000. Áætluð rekstrargjöld fyrir 2018 eru kr. 39.250.000. Það gerir tap upp á kr. 11.900.000 sem skýrist af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1.

*Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.*

### **2. Ljósmyndasafn Austurlands**

Elsa lagði fram greinargerð frá Báru Stefánsdóttur, héraðsskjalaverði hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga þar sem gerð er grein fyrir hækkun á framlögum til Ljósmyndasafns Austurlands.

*Stjórn samþykkir hækkun með fyrirvara um að framlög sveitarfélaga til safnsins verði eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Jafnframt bendir stjórn á að æskilegt væri að skoða að nýju samning Ljósmyndasafnsins, þar sem Héraðsskjalasafnið sæki framlög Ljósmyndasafns milliliðalaust til sveitarfélaga.*

### **3. Starfsmannamál**

Elsa Guðný fer yfir starfsmannamál safnsins og hvað hún sér fyrir sér í þeim málum á næsta ári.

### **4. Húsnæðismál**

#### **4.1. Ný burst**

Ekki er gert ráð fyrir fjármunum til menningarhúss á Fljótshéraði í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá Fljótshéraði verður áfram unnið að framgangi málsins en fjárlög verða ekki samþykkt fyrr en í vetur.

#### **4.2 Framkvæmdir á munageymslu**

Í sumar var byrjað að gera við munageymsluna og gengur það verkefni vel.

### **5. Skýrsla safnstjóra**

#### **5.1. Sumarið**

Sumarið var svipað og undanfarin ár og voru gestir um það bil 1000. Ráðinn var einn sumarstarfsmaður. Stórt verkefni var sýning um 70 ára afmæli Egilsstaðarþorpsins.

#### **5.2 Lausir endar**

Minjasafnið kom að verkefninu Lausir endar sem er afrakstur menningarsamstarfs Austurlands og Vesterålen í Noregi. Verkefnið var tvískipt, annars vegar var um að ræða rannsókn norska fornleifafraeðingsins Birgit Lund á Álfrkonudúknum frá Bustarfelli og hins vegar sýningu á útsaumudum verkum norsku listakonunnar Ingrid Larssen sem unnin voru

undir áhrifum frá steininum. Auk Birgit og Ingrid voru það Vopnafjarðarhreppur og Minjasafnið á Busterfelli sem stóðu fyrir verkefninu í samstarfi við Austurbrú, Minjasafn Austurlands og Þjóðminjasafn Íslands. Aðkoma Minjasafnsins fólst í aðstoða Birgit við að miðla niðurstöðum rannsókna hennar, annars vegar með því að aðstoða við útgáfu heftis um rannsóknina og hins vegar með því að túlka fyrirlestur Birgit á Vopnafirði við opnun sýningarinnar.

### 5.3 Heimsókn þjóðminjavarðar.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, heimsótti safnið í júlí. Heimsóknin var hluti af hringferð hennar um landið þar sem hún heimsótti viðurkennd menningarminjasöfn í þeim tilgangi að fylgja nýrri safnastefnu úr hlaði og heyra hljóðið í safnstjórum.

### 5.4 Ljóð á vegg

Söfnin í Safnahúsinu tóku í sumar þátt í verkefninu Ljóð á vegg en þetta er í sjötta sinn sem hús og byggingar á Egilsstöðum og Fellabæ eru skreytt með ljóðum. Ljóðið Engin saga eftir Ágústu Ósk Jónsdóttur prýðir nú vegg í anddyri á miðhæð hússins.

### 5.5 Forvarsla á gripum úr eigu Kjarvals

Minjasafnið hlaut styrk úr Safnasjóði til að láta forverja textíla úr eigu Jóhannesar Kjarval listmála sem safnið fékk til varðveislu árið 2016. Þórdís Baldursdóttir, textílförvörður, var fengin til verksins. Þórdís forvarði 14 gripa auk þess sem hún gaf safnvörðum leiðbeiningar um varðveislu fleiri gripa. Gripirnir eru nú allir komnir aftur austur.

### 5.6 Hvatningarverðlaun Haukssjóðs

Venju samkvæmt fengu allir nemendur sem útskrifuðast af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum bókina um Hauk Stefánsson listmálara að gjöf frá Minjasafninu og Bókasafni Héraðsbúa. Safnstjórar safnanna eru umsjónarmenn Haukssjóðs sem var stofnaður af ættingjum listamannsins og er ætlað að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Í vor útskrifuðst fimm nemendur af listnámsbraut.

### 5.7 Þátttaka í Alþjóðlega safnadeginum.

Alþjóðlegi safnadagurinn var haldinn 18. maí. Markmið hans er að kynna og efla safnastarf í heiminum. Yfirskriftin að þessu sinni var *Söfn og umdeild saga: Að segja það sem ekki má segja í söfnum*. Mikil áhersla var lögð á sýnileika safna á samfélagsmiðlum þennan dag. Þátttaka Minjasafnsins fólst í að vekja sérstaka athygli á ljósmyndasýningunni *Minningar um torfhús* sem á þessum tíma stóð yfir í Safnahúsinu.

### 5.8 Safnafræðsla skólaárið 2016-2017

Á skólaárinu 2016-2017 heimsóttu 495 nemendur safnið eða fengu fræðslu til sín. Þessum nemendum fylgdu 89 kennarar. Flestir nemendurnir sem fengu fræðslu voru á leikskólaaldri eða 269, grunnskólanemendurnir voru 115 og framhaldsskólanemendurnir 111. Tilgangur heimsóknanna var margvíslegur og í sumum tilfellum komu kennarar oft með nemendur sína í heimsókn á safnið.

### 5.9 Framundan

- Innra starf: Endurskipulagning á geymslum safnsins í Laufskógum og að Tjarnarási.

- Farskóli safnamanna. Starfskonur safnsins munu sækja farskólann sem að þessu sinni verður haldinn á Siglufirði dagana 27.-29 september.
- Kjarvalshvammur. Stefnt á að sækja um styrki til að fara í viðhald á Kjarvalshvammi
- Safnafræðsla er farin af stað. Framhald verður á samstarfi safnsins við leikskólann Tjarnarskóg.
- Viðburðir framundan: Þátttaka í jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins og Bókavöku Safnahússins.

## **6. Önnur mál**

Engin önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:46  
Margrét Dögg ritaði fundargerð